

Hjorth & Rosenfeldt

# ÞÖGLA STÚLKAN

Snæbjörn Arngrímsson þýddi



BJARTUR 2020

Bókin heitir á frummálinu: Den stumma flickan  
© Michael Hjorth og Hans Rosenfeldt, 2014  
Íslensk þýðing © Snæbjörn Arngrímsson, 2019  
Kápa: Pär Wickholm  
Uppstilling kápu: Arndís Lilja Guðmundsdóttir  
1. útgáfa, 1. upplag 2020  
Prentun: Nörhaven

ISBN: 978-9935-30-016-4



Veit ekki hvaða dagur er.

En hann á frí og er enn í náttfötunum þótt klukkan sé þegar orðin níu. Þau eru öll heima og innan úr stofunni heyrir hann óm frá barna-sjónvarpinu.

Mamman leggur skál með jógúrt fyrir framan hann og spyr hvort hann hafi munað að þvo sér um hendurnar eftir að bafa pissað. Hann kinkar kalli. Vill hann líka brauð? Hann bristir höfuðið. Ekkert annað en jógúrt með vanillu og banana. Hann hefði helst viljað borða Frosties en Fred kláraði þakkann svo hann varð að láta sér Havrefras nægja. Hann hafði astur á móti fengið leyfi til að sjá kvikmynd á dvd strax eftir morgunmatinn. Hann langaði að sjá Transformers, Dark of the Moon.

Astur.

Dyrabjallan hljómar.

„Hver ætli sé svoona snemma á ferðinni?“ spyr mamma undrandi og fer til dyra. Hann tekur ekki einu sinni eftir binu kunnuglega hljóði þegar hún tekur í hurðarbúininn og opnar.

Svo heyrir hann hvell og það er eins og einhver detti á gólfíð í anddyrinu.

Hann brekkur í kút svo jógúrtskeiðin lendir á borðinu en því tekur hann alls ekki eftir. Angistarfull bróp þabba berast ofan af efri hæðinni. Hann er ekki enn kominn á fætur en nú beyrist bratt fótatak.

Svo birtist einhver í eldbúsdýrunum.

Með byssu.



Þær voru tvær núna.

Hún var tvær.

Hið ytra og hið innra.

Hið ytra var hún enn á hreyfingu.

Hægt, en markvisst. Fyrirmæli skólans um að sitja alveg kyrr þegar maður hafði villst náði ekki að vege upp á móti hinni eðlislægu þörf til að flýja.

Hafði hún villst?

Hún var ekki alveg viss um hvar hún var en hún vissi á hvaða leið hún var. Hún fór aldrei lengra en svo að hún gæti heyrt í bílunum sem keyrðu framhjá á veginum fyrir neðan. Hún gæti gengið út á veginn, gengið eftir veginum og falið sig ef einhver kæmi. Hún gæti haldið áfram þar til hún kæmi að skilti sem sýndi að hún væri enn á réttri leið, svo gæti hún aftur látið sig hverfa inn í skóginn. Hún var sem sagt ekki villt svo það var engin ástæða til að sitja kyrr. Og svo var líka kalt. Hrollkalt loftið gerði það að verkum að betra var að halda áfram. Hún fékk hita í kroppinn á göngunni og hungrið sótti ekki á hana að ráði. Hún gekk því áfram.

Hið innra var hún þögul.

Fyrst hafði hún hlaupið. Bæði hið ytra og hið innra. Ætt

af stað í blindni. Nú gat hún ekki lengur almennilega munað frá hverju hún hafði hlaupið eða kannast við sig þar sem hún var. Þetta var ekki staður, ekki herbergi, þetta var meira eins og ... kannski tilfinning ...

Hún vissi það ekki, en hér var hún sem sagt, og hér var tómt og hún var þögul.

Hún var tóm og hún var þögul.

Alls engin hljóð.

Það virtist mikilvægast. Svo lengi sem allt var kyrrt var hún örugg. Á þessum stað sem ekki var staður. Sem var upplýstur án ljóss og þar sem litirnir minntu ekki í neinu á þá liti sem starandi augu hennar héldu áfram að greina frá heiminum að handan. Staðurinn var opinn, en lokaður fyrir öllu nema tilfinningu um öryggi, sem mundi hverfa um leið og kyrrðin. Þetta skynjaði hún. Orð kæmu upp um hana. Orð mundu rífa niður hina ósýnilegu vegg og gera allt raunverulegt aftur. Hleypa hinu ógeðslega inn.

Hvellunum, öskrunum, því rauða og heita, óttanum.

Hennar eigin og hinna.

Að innan var hún óhreyfanleg og hljóðlaus.

Hið ytra neyddist hún til að halda áfram.

Fara þangað sem enginn gæti fundið hana. Þar sem enginn mundi reyna að tala við hana. Hún neyddist til að passa það sem var innan í.

Hún vissi hvert hún ætlaði.

Þau höfðu talað um stað, varað við honum. Ef maður færi þangað inn fyndist maður aldrei aftur. Aldrei nokkurn tíma, sögðu þau. Enginn mundi finna hana.

Hið ytra vafði hún allt of þunnum jakka þétt að líkamanum og herti gönguna.

Hið innra hnípraði hún sig saman og varð minni og minni og vonaði að hún mundi hverfa að eilífu.

Anna Eriksson sat í bílnum og beið fyrir utan ljósgult fjölbýlishús.

Það var ekki líkt Vönju að vera of sein en Anna reiknaði með að þetta væru ein af þeim duldu skilaboðum sem dóttir hennar hafði verið svo dugleg að senda síðustu mánuði.

Verst var að hún var alveg hætt að hringja.

Anna sjálf gat alveg látið sig hafa þetta. Hún skildi ástæðuna, henni fannst næstum því að hún ætti þetta skilið, og satt að segja hafði samband þeirra mæðgna aldrei verið þannig að þær töluðu saman oft og lengi.

Þetta var miklu verra fyrir Valdemar. Hann var særður djúpu sári vegna þess að Vanja vildi ekkert af honum vita, og það var fyrst og fremst það en ekki sjúkdómurinn sem hafði gert að hann var ekki nema skugginn af sjálfum sér. Hann talaði látlaust um dóttur sína og þær staðreyndir sem þau hefðu aldrei átt að halda leyndum fyrir henni. Allt það sem þau hefðu átt að gera öðruvísi. Honum hafði tekist að sigrá dauðann, bara til að uppgötva að lífið var fullt af reiði og óreiðu. Auðvitað hafði þetta ástand mikil áhrif á Önnu en hún var betur í stakk búin til að takast á við þetta. Hún hafði alltaf verið sterkari en maðurinn hennar.

Nú var meira en mánuður liðinn frá því að hann hafði verið útskrifaður af spítalanum, en hún fékk hann ekki einu sinni til að fara út úr íbúðinni. Líkaminn hafði augljóslega

aðlagast nýja nýranu en hann gat ekki horfst í augu við breytta tilveru, tilveru án Vönju og hann ýtti öllum og öllu frá sér.

Bæði Önnu og þeim fáu vinnufélögum sem enn höfðu samband við hann – þrátt fyrir það sem hann hafði gert – og þeim enn færri vinum sem hringdu æ sjaldnar.

Sú rannsókn sem enn var í gangi virtist ekki vekja áhuga hans lengur. Grunurinn um gróft skattaundanskot og bókhaldssvindl féll algerlega í skugga þess sem hann hafði gert á hlut Vönju.

Hún hafði ráðist á hann í æðiskasti og það hafði verið skelfilegt. Öskur, skammir, tár. Ekkert þeirra hafði séð Vönju áður svona viti sínu fjær.

Svona reiða.

Svona hræðilega særða.

Sömu ásakanirnar aftur og aftur. Hvernig *gátu* þau gert þetta? Hvers konar foreldrar voru þau eiginlega? Hvers konar manneskjur gátu gert annað eins?

Anna skildi hana. Hún hefði hugsað eins sjálf ef hún væri Vanja. Spurningarnar voru eðlilegar og skiljanlegar, það var einungis svarið sem hún kærði sig ekki um.

Hún var móðirin sem gat gert þetta.

Í verstu rifrildunum hafði Anna oft verið komin á fremsta hlunn með að segja: „Viltu í alvöru vita hver pabbi þinn er? Viltu það?“

En hún hafði haldið aftur af sér og neitað að segja frá því. Hafði sagt að það skipti engu máli.

Hún hafði enga þörf fyrir að halda verndarhendi yfir Sebastian Bergman. Hún vissi vel hvað hann ætlaði sér, hvernig hann reyndi að troða sér upp á þau og gera sig mikilvægan. En það var hann ekki. Eins og maður sem reynir að innheimta skuld sem engin er.





Sebastian hafði aldrei verið pabbi Vönju. Það hafði Valdemar aftur á móti alltaf verið, heils hugar, óháð því sem stóð í sjúkraskýrslunum sem Vanja hafði komið stormandi með. Það eina jákvæða var að Sebastian gat ekki nýtt stöðuna í eigin þágu því hann var jafnflæktur í allar lygarnar og Anna sjálf. Ef hann segðist hafa vitað sannleikann allan tímann án þess að láta það uppi mundi hún líta á það sem jafnmikil svik og það sem hún taldi þau sek um.

Hann yrði hataður á sama hátt. Og hunsaður jafnmikið.

Það vissi Sebastian sem hafði hringt til Önnu mörgum sinnum síðastliðnar vikur og nánast grátbeðið hana um að hjálpa sér að finna leið til að segja sannleikann. En Anna hafði neitað. Henni datt ekki í hug að hjálpa honum að taka Vönju frá Valdemar. Aldrei. Það var eitt af því fáa sem hún var ekki í vafa um. Allt annað var ein stór kaos.

En í dag ætlaði hún aftur að koma reglu á hlutina.

Í dag ætlaði hún að taka fyrsta skrefið til að leiðrétta allt.

Hún hafði gert áætlun.

Útidyrnar opnuðust og loks kom Vanja út með axlir upp að eyrum og hendurnar djúpt í jakkavösunum. Hún hafði dökka bauga undir augunum og var fól og tekin í framan, eins og hún hefði elst um mörg ár á aðeins nokkrum mánuðum. Á leið sinni yfir götuna í átt að bílnum strauk hún matt og feitt hárið frá andlitinu. Anna herti sig upp, dró andann djúpt og steig út.

„Hæ! Frábært að þú gast tekið frá smástund í þetta,“ sagði hún og reyndi að hljóma eins jákvæð og mögulegt var.

„Hvað viltu?“ hljómaði svarið. „Ég er upptekin.“

Það voru liðnar þrjár vikur síðan þær höfðu talað saman



og Anna var ekki frá því að dóttirin hljómaði aðeins blíðari á manninn. Kannski óskhyggja.

„Mig langar að sýna þér svolítið,“ hóf hún mál sitt varfærnislega.

„Hvað?“

„Komum í smá bíltúr og ég segi þér þetta í bílnum.“

Vanja horfði tortryggin á hana. Anna vissi að því lengur sem þær stæðu þegjandi þeim mun líklegra væri að Vanja mundi fylgja henni – það hafði hún lært af öllum rífrildunum þeirra. Maður mátti ekki vera of ágengur, ekki króa hana af eða reyna að þröngva fram vilja sínum. Ef hún átti að koma með yrði það að vera af fúsum og frjálsum vilja.

„Þú munt sjá að það er þess virði,“ hélt Anna áfram með gát. „Ég er sannfærð um það.“

Á endanum kinkaði Vanja kolla og settist án frekari málalenginga inn í bílinn.

Anna ræsti bílinn og þær óku af stað. En strax niður við bensínstöðina hjá Frihamnen rauf hún þögnina og steig fyrsta feilsporið.

„Ég átti að skila kveðju frá Valdemar. Hann saknar þín.“

„Ég sakna líka þabba míns. Það er að segja alvörupabba míns,“ svaraði Vanja eldsnöggt.

„Ég hef satt að segja svolitlar áhyggjur af honum.“

„Þið getið kennt ykkur sjálfum um,“ hvæsti Vanja. „Það er ekki ég sem hef logið allt mitt líf.“

Anna sá að þær voru enn á ný komnar á fremsta hlunn með að hefja nýtt rífrildi. Reiði Vönju var skiljanleg en samt sem áður vildi Anna fá hana til að horfast í augu við hversu mjög hún særði þau, þau sem elskuðu hana af öllu hjarta. Þau sem höfðu staðið við bak hennar og hvatt hana allt hennar líf. Að hún skildi að þau höfðu logið að henni einungis til að vernda hana, ekki til að skaða hana. Vanja

virtist rjúka upp við minnsta tilefni svo Anna gerði sitt besta til að koma í veg fyrir að þær færu að þræta.

„Já, já, ég veit. Fyrirgefðu. Ég hef alls ekki áhuga á að fara að rífast ... Ekki í dag ...“

Vanja virtist samþykkja tímabundið vopnahlé, og þær keyrðu þegjandi áfram. Niður Valhallavägen og í vestur í átt til Norrtull.

„Hvert erum við að fara?“ spurði Vanja þegar þær óku fram hjá Stallmästargården.

„Mig langar að sýna þér svolítið.“

„Og hvað er það?“

Anna svaraði ekki. Vanja sneri því höfðinu og leit á hana.

„Þú sagðir að þú mundir segja mér það í bílnum. Svo lát heyra.“

Anna dró andann djúpt án þess að líta af veginum.

„Ég hafði í huga að keyra með þig til pabba þíns.“

„Þið getið komið inn núna.“

Erik Flodin sneri sér að stóra, hvítmálaða, tveggja hæða húsinu þar sem rannsóknarlögreglumaðurinn Fabian Hellström – sá sem hafði verið samferða honum frá Karlshamn – stóð á svölunum og vinkaði til þeirra og gaf bendingu um að þeir skyldu koma. „Við erum að klára.“

Erik gaf merki um að hann hefði heyrt til hans og beindi sjónum sínum aftur út til víðernisins sem blasti við honum.

Þetta var fallegur staður.

Iðjagrænn garðbletturinn náði alla leið niður að steinhleðslu við kornakur sem beið þess að vorið kæmi. Handan akursins tók við skógur þar sem dökkgrænn veggur barrtrjáanna blandaðist ljósgrænum lit nýútsprunginna lauftrjáa. Yfir víðáttumiklum akrinum sveif músvákur og rauf kyrrðina með væli sínu.

Erik velti fyrir sér hvort hann ætti að hringja til Piu áður en hann færir inn. Hún mundi hvort sem er fréttu hvað hefði gerst og yrði áhyggjufull. Þetta mundi hafa áhrif á alla í sveitarfélaginu.

Sveitarfélaginu hennar.

En ef hann hringdi núna mundi hún spyrja hann alls kyns spurninga.

Mundi vilja vita meira.

Vita allt.

Sjálfur vissi hann ekki meira en það sem samstarfsmenn hans höfðu sagt honum þegar hann kom.

Hvað gagn væri í að hringja núna?

Pia yrði að bíða, ákvað hann með sjálfum sér. Hann gaut augunum niður í sandkassann sér á hægri hönd. Enn var vatn eftir rigningu helgarinnar á palli gula plastvörubílsins. Þar lá líka skófla, Transformer-bíll, allur ataður sandi, og tvær risaeðlur.

Erik andvarpaði og gekk af stað í átt til hússins og hinna dauðu.

Fredrika Fransson, sem hafði staðið við lögreglubílinn, kom þögul á hæla honum. Hún var sú sem hafði komið fyrst á vettvang og gefið honum upplýsingar um stöðuna í stuttu máli þegar hann kom. Hann þekkti hana frá árum áður, þegar þau höfðu unnið saman áður en hann fékk stöðuhækkun, var gerður að rannsóknarlögreglumanni og flutti til Karlshamn. Hún var góður lögreglumaður, bæði vandvirk og tók starf sitt alvarlega. Hún var heilum tuttugu sentímetrum lægri en Erik sem var 185 sentímetrar á hæð en örugglega 10 kílóum þyngri en hans 78 kíló. Það er léttara að hoppa yfir hana en að hlaupa fram hjá henni, hafði hann heyrt illgjarna samstarfsmenn þeirra segja. Sjálf hafði hún aldrei minnst á aukakílóin sín – reyndar ekki svo margt annað ef því var að skipta. Fredrika var ekki málgefin.

Honum fannst hann finna keim af púðurlykt þegar hann gekk upp á veröndina og kom auga á fyrsta fórnarlambið. En það gat ekki verið rétt, það vissi hann vel.

Réttarmeinafræðingurinn hafði upplýst, eftir stutta rannsókn á hinum látnu, að dánarstundin hefði sennilega verið um það bil sólarhring fyrr. Og þótt útidyrnar hefðu verið lokaðar – sem þær augljóslega höfðu ekki verið þegar

níu ára gömul dóttir nágrannanna kom til að spyrja hvort börnin vildu leika við hana – var liðinn of langur tími til að púðurlykt gæti enn legið í loftinu.

Áður en Erik gekk inn í húsið smeygði hann sér í hlífðarskó og hvíta plasthanska. Hann varð að flytja krukku, sem stóð fyrir framan skóhilluna og hafði að geyma hrísvönd sem á höfðu verið hengd máluð páskaegg, til að geta kropsið við hlið konunnar sem lá á bakinu á grófu steingólfinu. Bersýnilega fyrsta fórnarlambið af fjórum.

Fjórir látnir.

Tvö börn.

Heil fjölskylda.

Enn höfðu ekki verið borin kennsl á fórnarlömbin, en Karin og Emil Carlsten, sem áttu saman synina Georg og Fred, áttu og bjuggu í húsinu svo það kæmi honum mjög á óvart ef konan sem lá við hlið hans væri ekki Karin Carlsten. Stundum þegar hann spjallaði við félagana sína í lögreglunni í Stokkhólmi og Gautaborg og meira að segja í Karlshamn, furðuðu þeir sig á því að hann þekkti ekki alla í Torsby. Hann væri jú þaðan. Var það ekki bara lítill skiki úti í skóginum? Erik stundi þungan í hvert skipti. Í sveitarfélaginu bjuggu næstum 12000 íbúar og þar af 4000 í sjálfum bænum. Hvaða maður í Stokkhólmi þekkti 4000 manneskjur? Enginn.

Nei, hann hafði aldrei fyrr hitt neinn úr Carlsten-fjölskyldunni, en hafði hann ekki heyrt minnst á þau? Í tengslum við nýlegt lögreglumál ...?

„Þekkir þú Carlsten-fjölskylduna?“ spurði hann.

Hann leit snögg á Fredriku sem baksaði við að klæða sig í hlífðarskóna úti á veröndinni.

„Nei.“

„Mér finnst eins og það hafi eitthvað verið í gangi í kringum þau í vetur.“

„Það getur verið.“

„Nennirðu að kanna það?“

Fredrika kinkaði kalli, fór úr bláa pokanum, sem henni hafði tekist að smeygja utan yfir annan skóinn, og gekk í áttina að bílnum en Erik sneri sér aftur að gólfinu í anddyrinu og brúnhærðu konunni sem leit út fyrir að vera á miðjum fertugsaldri.

Gat í brjóstkassanum. Svart. Næstum því tíu sentímetrar. Of stórt fyrir eitt hlaup eins og á byssu eða riffli. Frekar eins og eftir tvíhleypta haglabyssu. Blóðpollurinn á gólfinu benti til þess að gatið þar sem kúlan hafði komið út um væri stórt. Erik gat sér þess til að hún hefði verið skotin af stuttu færi. Það voru púðuragnir milli brjóstbeinsins og húðarinnar. Þrýstikrafturinn hafði tætt upp kjötið og hvít prjónapeysa fórnarlambins var sviðin umhverfis kúlugatið. Hún hlaut að hafa dáíð samstundis.

Sá sem hafði hleypt af hlaut að hafa þar á eftir klofað yfir hana og haldið áfram inn í húsið. Erik stóð upp og gerði það sama.

Úr anddyrinu kom hann inn í stórt eldhús. Fasteignasali hefði sennilega skrifað „einfalt sveitaeldhús“ í lýsingu sinni. Í einu horni eldhússins var múraður arinn, gólffjalirnar voru breiðir furuplankar og í loftinu voru líka breiðir tréplankar. Brauðskeri, ásamt öðru gamaldags eldhúsáhaldi sem hann hafði aldrei séð fyrr, hékk á veggnum fyrir ofan eldhúsbekkin. Þarna var einnig gamall, svartur brenniofn, en að öðru leyti var eldhúsið búið nútímaeldhústækjum.

Á stóra furuborðinu stóðu afgangarnir af morgunmatnum. Diskur, með einhverju sem leit út fyrir að vera jógúrt með

Havrefras, stóð við annan borðendann. Eldhússtóll hafði oltið. Á gólfinu lá átta eða níu ára gamall drengur. Hann var enn í náttfötum.

Það var páskafrí.

Börnin þurftu ekki að mæta snemma í skólann. Því miður, hugsaði Erik.

Hann taldi sig fá staðfestingu á kenningu sinni um að haglabyssu hefði verið beitt þegar hann skoðaði drenginn betur. Annar handleggurinn var nánast rifinn af við axlirnar. Minni göt voru á hálsinum og upp aðra kinnina. Hagladrífa. Hver var fjarlægðin ef morðinginn hafði hleypt af í dyraopinu? Tveir metrar? Þrír? Nóg til að hinar banvænu kúlur næðu að dreifast. Kannski voru kúlnar ekki banvænar heldur hafði drengnum blætt út á minna en einni mínútu.

Og svo?

Einhver hafði hlaupið í gegnum eldhúsið eftir að drengurinn var skotinn. Barn. Það voru spor eftir litla fætur í blóðinu í kringum stólinn. Erik leit inn í herbergið inn af eldhúsinu. Lítil stofa. Sjónvarp og dvd-spilari. Ætli hinn sonurinn hafi setið og horft á sjónvarp, heyrt skothvellina? Ef til vill hafði hann staðið á fætur við fyrsta skothvellinn. Staðið í dyrunum og séð bróður sinn skotinn. Hlaupið. Hvert? Sporin lágu að tröppunum og upp á næstu hæð.

Af hverju var hann ekki drepinn í eldhúsinu? Þurfti byssumaðurinn að hlaða vopnið? Erik svipaðist um á gólfinu en kom ekki auga á neitt skothylki. Hann varð að muna að spyrja hvort Fabian hefði safnað þeim saman.

„Jan Ceder.“

Fredrika hafði komið hljóðlaust inn og Erik varð að taka á öllu sínu til að sýna ekki hvað honum var brugðið.

„Carlsten lagði fram lögregluákæru á hendur honum í



desember," bætti hún við og slepti ekki augunum af líki drengsins á gólfinu.

„Fyrir hvað?“

„Brot á veiðilögum.“

„Nennirðu að vera svolítið nákvæmari?“

„Þau afhentu myndbandsupptöku sem sýndi Ceder með dauðan úlf.“

„Og hann var dæmdur?“

Þetta var eiginlega frekar staðhæfing en spurning.

„Hann var sektaður,“ staðfesti Fredrika.

Erik kinkaði kolli hugsu: veiðimaður, haglabýssa.

Það sannaði að sjálfsögðu alls ekkert – það voru heilmargir með veiðileyfi og vopn hér um slóðir – en þetta var þó byrjunin.

„Hann hótaði þeim á þriðjudaginn.“

Erik hnaut um þetta orðalag. Hafði hann skilið Fredriku rétt? Stundum var erfitt að átta sig á því sem hún sagði, því hún upplýsti aldrei annað en það bráðnauðsynlegasta og stundum ekki einu sinni það.

„Ceder?“ spurði Erik til að vera viss. „Hótaði Jan Ceder Carlsten-fjölskyldunni á þriðjudaginn?“

Fredrika kinkaði kolli. Og nú, í fyrsta sinn eftir að hún kom inn í eldhúsið, leit hún á hann.

„Fyrir utan sundlaugina. Það eru mörg vitni að því.“

Í huganum yfirfór Erik þessar upplýsingar í hasti. Gat þetta verið svona einfalt? Gat einhver verið svona trompaður? Svarið við báðum spurningunum var jákvætt. Þótt morðin virtust vera full af vonsku og grimmd þurfti svarið við morðgátunni ekki að vera sérlega flókið eða gegnumþælt. Í rauninni þvert á móti.

„Ég vil tala við hann,“ sagði hann. „Náðu í hann.“

Fredrika kinkaði kalli og fór út úr eldhúsinu. Erik velti í skyndi fyrir sér þessari ákvörðun sinni um leið og hann fylgdi fótsporunum með augunum út að tröppunum.

Hótun.

Veiðimaður.

Haglabýssa.

Hann vildi óska að þar lægi hundurinn grafinn. Hann hafði verið yfirmaður afbrotadeildarinnar í Värmlandslögreglunni í rétt rúma tvo mánuði og þetta mál þurfti ekki endilega að dragast á langinn. Það mundi heldur ekki hugnast Piu. Hún krefðist þess að málið yrði upplýst með hraði svo sveitarfélagið þyrfti ekki að hafa málið hangandi yfir sér.

Fótsporin urðu æ ógreinilegri og nokkra metra frá sjálfum tröppunum sáust þau ekki lengur. Erik tók í hvítmálað stigahandriðið og gekk upp.

Uppi á annari hæð enduðu tröppurnar við langan, mjóan gang þar sem voru þrjár dyr, tvær þeirra stóðu opnar. Erik gjóaði augunum inn í herbergið sem var við tröppurnar á vinstri hönd. Kojá og leikföng bentu til að þetta væri herbergi drengjanna. Hann hélt áfram inn ganginn og nam aftur staðar. Upp við lokuðu dyrnar sem Erik gerði ráð fyrir að lægju út til baðherbergisins sat Emil. Hann leit út fyrir að vera nokkrum árum eldri en Karin eða kannski var það bara gráa hárið sem gerði hann eldri. Dáinn var hann að minnsta kosti. Haglaskot, það fór ekki á milli mála. Mitt í brjóstakassann. Erik ímyndaði sér hvernig maðurinn kom æðandi út úr svefnherberginu á meðan byssumaðurinn stóð við tröppurnar.

Erik svipaðist um. Það leit ekki út fyrir að maðurinn hefði tekið neitt með sér til að verja sig með. Hann hlaut að hafa heyrt hvað gekk á niðri á neðri hæðinni en samt hafði hann hlaupið gersamlega berskjaldaður út.

Væntanlega hugsaði maður ekki skýrt í þessum aðstæðum og Erik gat ekki ímyndað sér hvernig hann sjálfur hefði brugðist við hefði þetta gerst heima hjá honum. Heima hjá þeim. Ef þetta hefðu verið Pia og dóttir þeirra sem lágu á neðri hæðinni.

Hann klofaði yfir fætur mannsins og gekk inn í svefnherbergið þar sem stórt tvíbreitt rúm fyllti nánast út í herbergið. Rúmið var að minnsta kosti tvisvar sinnum tveir metrar og því ríkulegt pláss fyrir börn með martröð. Rúmteppi og púðum var staflað snyrtilega upp við fótagaflinn. Við hvora hlið var náttborð og snyrtiborð með spegli stóð upp við vegginn öðrum megin. Tveir fataskápar hinum megin. Annar skápurinn stóð opinn.

Föt Karinar.

Kjólar, pils og blússur á herðatrjám.

Milli skónna í skápsbotninum sást í litla, bera barnsfætur og Erik gekk þangað.

Hinn sonurinn sat samankreptur lengst inni í skápnum með teppi yfir sér eins og hann hefði reynt að fela sig. Gat það verið ástæðan fyrir því að Emil hafði ekki náð lengra? Hitti hann soninn sem kom þjótandi upp og reyndi að fela hann?

Að bjarga honum.

Það misheppnaðist.

Byssumaðurinn fann hann. Hann hlaut að hafa staðið þar sem Erik stóð nú. Rúman einn metra frá drengnum. Byssukjasturinn enn nær. Skotið, sem hafði hæft hálsinn, hafði næstum tekið höfuðið af honum.

Erik varð að snúa sér undan. Hann hafði orðið vitni að mörgu sem menn eru færir um að gera hver öðrum, en þetta

...

Börnin. Náttfötin. Litlu, beru tærnar.

Erik settist á rúmbríkina og dró andann djúpt til að fara ekki að gráta. Þar sem hann sat á rúmkantinum og barðist við tárin hét hann því að finna þann seka. Hann minntist þess ekki að hafa áður gefið slíkt loforð en það gerði hann nú: Hann skyldi koma þeim sem hafði framið þetta ódæði á bak við lás og slá.

Hvað sem það kostaði.



Eins og venjulega hafði Sebastian gengið til vinnu á Kungsholmen. Þetta var nýr vani og tók lengri tíma, en því lengur sem hann var að heiman þeim mun betra og hann íhugaði í fyllstu alvöru að flytja burt. Hann var í rauninni nær aldrei heima, og ef hann var þar ráfaði hann hvíldarlaust um íbúðina á milli þess sem hann reyndi að lesa bækur sem hann hafði þegar lesið, eirðarleysið svo mikið að hann las aðeins stöku kafla hér og þar á milli þess sem hugurinn fór á flug.

Honum leiddust meira að segja konur. Hann hélt áfram daðri sínu sem var ákveðin dægurstytting en hann var satt að segja hálfundrandi yfir að hann nennti nær aldrei að ganga alla leið. Og það var honum alls ekki líkt.

En myndin af Ursulu liggjandi á gólfinu ...

Hún sótti á hann án afláts.

Blóðið sem seytlaði frá hæggra auganu eins og úr rifnum poka og hárið sem var eitt allsherjar rautt klístur. Honum fannst enn að í anddyrinu væri vemmilega sæt lykt af blóði þrátt fyrir allan klórinn sem hann hafði skúrað gólfið með.

Hann fór þess vegna hvern dag á skrifstofuna. Hann hafði þörf fyrir að hafa eitthvað fyrir stafni. Rannsóknarstörf, helst flókin og krefjandi þar sem hann þyrfti að nota alla hugarkrafta sína.

En verkefnin létu á sér standa. Hvergi í öllu landinu



var þörf á aðstoð frá morðdeild rannsóknarlögreglunnar. Eins og venjulega fékk rannsóknarhópurinn mestan hluta yfirvinnunnar greiddan með fríu. Billy, sem annars var alltaf á sínum bás hvort sem þau höfðu rannsóknarverkefni eða ekki, kom bara af og til á skrifstofuna til að kíkja á tölvu-póstinn og svo var hann horfinn á ný.

Af Torkel sá hann enn minna. Það var kannski eins gott.

Torkel elskaði Ursulu en hún hafði verið heima hjá Sebastian þegar byssuskotið tætti hana í sundur. Það var í anddyrinu hjá honum sem hún hneig niður. Sebastian hafði á tilfinningunni að Torkel ætti alltaf eftir að kenna honum um atburðina, þrátt fyrir að þeir vönduðu sig við að nefna ekki nokkuð sem gæti minnt á atvikið í þau fáu skipti sem þeir hittust.

Elskaði Sebastian Ursulu? Það hafði hann sennilega einhvern tíma gert en það var skelfilegri hugsun sem laust niður í hann þegar hann heyrði skotið og fann hana líflausa á gólfinu í anddyrinu; viðbrögðin voru ekki vægðarlaus örvæntingaróp, heldur algjörlega rökræn og ekki á nokkurn máta ástúðleg:

*Andskotans vesen.*

Kona sem hann hafði þekkt í fjölmörg ár og verið heiðarlegri gagnvart og nánari en nokkrum öðrum, lá deyjandi á gólfinu heima hjá honum og fyrstu viðbrögð hans voru „andskotans vesen“.

Þessi viðbrögð voru að sínu leyti dæmigerð fyrir hann og birtust í alls konar ólíkum aðstæðum: Þegar hann lenti í árekstrum við annað fólk, uppáþrengjandi konum, leiðinlegum verkefnum í vinnunni eða þegar hann neyddist til að vera í félagsskap með öðrum. Í þess konar aðstæðum voru viðbrögðin eðlilegri, já, jafnvel þau einu réttu.

En þarna? Í anddyrinu eftir byssuskotið?

Meira að segja honum fannst þetta ógnvekjandi.

Hið eina sem gladdi hann nú var að Vanja kom annað slagíð við á skrifstofunni. Hún var eina ástæða þess að hann mætti enn til vinnu.

Samband þeirra hafði aðeins skánað upp á síðkastið. Áfallið yfir að hafa komist að því að Valdemar var ekki raunverulegur faðir hennar hafði sett tilveru hennar á annan endann og jafnframt minnkað grunsemdir hennar um að það væri Sebastian að kenna að hún hafði ekki fengið inngöngu í FBI-skólann. Það var eins og hún megnaði ekki lengur að næra þessar grunsemdir sínar.

Það var auðvitað bara mannlegt. Aðeins örfáir höfðu krafta til að eiga í átökum við allt og alla eins og hún hafði gert. Að berjast samtímis á mörgum vígstöðvum. Þá var betra, þrátt fyrir allt, að semja um frið – þótt það væri með hálfum hug – þó það væri bara við einn mótherja.

Þar fyrir utan hafði Sebastian alla tíð svarið fyrir að hafa á nokkurn hátt komið nálægt þessu og meira að segja haft tvisvar sinnum samband við valnefndina og kvartað undan ósanngjarnri niðurstöðu þeirra. Hann hafði í bæði skiptin séð til þess að Vanja fengi pata af vasklegum tilraunum hans. Valnefndin stóð við ákvarðanir sínar og hvatti Vönju Lithner til að sækja um aftur því næst yrði laust pláss í Quantico.

Eljusemi hans hafði borgað sig. Nokkrum dögum eftir seinni tilraun hans hafði hann rekist á hana á göngunum. Hún virtist vera mildari en áður, þreytt og ekki eins herská. Heilsaði honum meira að segja. Hún sagðist hafa frétt af mótællum hans við valnefndina, og svo sagði hún frá þessum sínum sem var ekki lengur þabbi hennar.

Þau höfðu orðið aðeins nánari hvort öðru. Ekki þó eins og í gamla daga, en samt. Þetta var allt í áttina og upp frá þessum degi reyndist honum auðveldara að ýta hugsununum um Ursulu burt.

Hann hafði fundið einbeitingarkraftinn að nýju.



Það hafði ekki komið til greina hjá Vönju að setjast aftur upp í bílinn hennar Önnu.

Hún varð að halda þeirri konu í ákveðinni fjarlægð, þetta var mamma hennar, sem þó hafði alls ekki hegðað sér þannig. Það var greinilegt.

Þegar hún kom út úr leigubílnum fann hún hvað langt var liðið á vorið, þótt enn væri bara apríl. Í meira en viku hafði verið hlýtt og maður var farinn að fá forsmekkin af sumrinu. En samt sem áður fannst Vönju hún vera gegnköld að innan. Yfirgefin. Pabbi hennar var ekki lengur pabbi hennar og hún hafði ekki hugmynd um hvar hún hafði mömmu sína.

Hverjir voru eftir?

Ekki Billy. Þau höfðu verið eins og systkini en þroskast hvort frá öðru. Hann hafði ekki pláss fyrir neitt annað í höfðinu en kærustuna sína, hana My, sem Vanja hafði bara rétt heilsað einu sinni þótt þau hefðu verið saman í næstum eitt ár. Nú var greinilega komið að giftingu, og Vanja vissi ekki hvort henni yrði einu sinni boðið í brúðkaupsveisluna.

Torkel, yfirmann sinn og fyrirmynd, hitti hún heldur ekki svo oft. Eftir atburðina með Ursulu lét hann sjaldnar sjá sig á skrifstofunni og hún velti fyrir sér hvort hann mundi segja upp stöðu sinni. Einhvern veginn hafði hún fengið það á tilfinninguna í þessi fáu skipti sem þau höfðu hist.

Hverjir aðrir voru henni nánir?

Listinn var stuttur.

Skelfilega stuttur.

Jonathan, fyrrum kærasti hennar, hafði af og til samband við hana í von um að þau gætu tekið upp þráðinn eða að minnsta kosti stundað smá skuldbindingalaust kynlíf.

Kannski nokkrir samstarfsmenn hennar sem hún hafði verið samtíða í gegnum lögregluskólann. Þá hittu hún stundum en flestir voru þeir uppteknir við að koma fótum undir nýstofnaðar fjölskyldur sínar.

Og svo Sebastian Bergman.

Hún hefði skellihlegið hefði einhver sagt henni fyrst eftir að þau byrjuðu að vinna saman hve mikið þau ættu eftir að eiga saman að selda í framtíðinni. Hugmyndin var fáránleg. Hann hafði farið svo rosalega í taugarnar á henni í þá daga, en upp á síðkastið hafði hún meira að segja saknað hans. Hvernig gat það eiginlega hafa gerst? Hvernig gat kynóður, sjálfhverfur glæpasálfræðingur hafa endað á hennar stutta og hlægilega lista?

Það var ekki bara vegna þess að hún hafði alls engan annan að hann lenti á listanum, þótt sennilega hefði verið auðveldara að útiloka hann ef hún ætti aðra nána vini.

Það var önnur ástæða.

Henni fannst gott að tala við hann. Hann, sem var svo hrikalega grófur og hrokafullur gagnvart öðrum, var áhuga-samur og skilningsríkur gagnvart henni. Hann, sem eltist við konur eins og veiðibráð án þess að taka hið minnsta tillit til tilfinninga þeirra, var mjög tillitssamur þegar hún átti í hlut. Hún skildi ekki hvers vegna en svona var þetta. Það fór ekkert á milli mála.

En gat hún treyst honum? Alltof oft var hann óþægilega nálægt þegar eitthvað vont gerðist.

Of nálægt þeim sönnunargögnum sem komu upp um Valdemar.

Of nálægt Persson Riddastolpe og þeim ummælum sem komu í veg fyrir að draumur hennar um framhaldsnám hjá FBI yrði að veruleika.

Það var sama hversu mikið hún velti þessu fyrir sér, hún fann enga skynsamlega ástæðu fyrir því að Sebastian ætti að hafa einhverja löngun til að eyðileggja þetta fyrir henni. Kannski var þetta, eins og hann hélt alltaf fram, algjör tilviljun. Vandinn var bara sá að ef Vanja hafði lært eitthvað í starfi sínu sem lögreglumaður var það að tilviljanir voru ansi fátíðar. Of margar tilviljanir á sama tíma voru ekki líklegar. Hið mögulega varð ósennilegt.

Tilviljanirnar þar sem Sebastian kom við sögu voru ansi margar og eiginlega á mörkum þess að vera of margar.

Hún þarfnadist hans.

Hún var einmana.

Erik Flodin lagði bílnum sínum fyrir utan hina lágreistu, flatneskjulegu, og satt að segja ljótu og smekklausu byggingu á Bergebyvägen 22 sem hafði verið vinnustaður hans síðan í febrúar. Hann drap á bílnum, steig út og gekk að innganginum. Einstaklingarnir þrír sem höfðu setið og beðið á tveimur trébekkjum fyrir utan lögreglustöðina stóðu á fætur þegar þeir sáu hann nálgast. Hann þekkti þá alla þrjá. Tveir þeirra komu frá *Värmlands Folkblad*, sá þriðji kom frá ritstjórnarskrifstofu *Wermlands-Tidningen*.

„Ég hef ekkert að segja,“ svaraði hann spurningunum um morðin og gekk þar á eftir inn í bygginguna. Hann kinkaði kolli til Kristínu og Dennis í móttökunni og í þann mund sem hann veiddi fram aðgangskortið sitt hringdi farsíminn hans. Hann renndi kortinu í gegnum lesarann og sló inn fjögurra stafa aðgangsorð. Í símanum var Pia.

„Er það rétt sem sagt er?“ var það fyrsta sem hún sagði og Erik skynjaði ásökun í rómnum af því að hún hafði heyrt fréttirnar frá öðrum en ekki honum. „Fjölskylda? Er þetta heil fjölskylda sem hefur verið skotin?“

„Já.“

„Hvar? Hver eru þau?“

„Rétt fyrir utan Storbråten. Þau heita Carlsten.“

„Vitið þið hver hefur gert þetta?“

„Það er ekki neinn sem er beinlínis grunaður en ... við vitum að ákveðinn einstaklingur hefur hótað fjölskyldunni.“

„Hver?“

Erik hikaði ekki eitt andartak. Hann var vanur að trúa konu sinni fyrir nánast öllum smáatriðum í þeim rannsóknum sem hann sinnti. Hingað til hafði ekkert lekið út.

„Maður að nafni Jan Ceder.“

„Ég hef aldrei heyrt hann nefndan.“

„Við könnumst við hann frá fyrri tíð og ég ætla að tala við hann núna.“

Pia andvarpaði þunglega og Erik sá hana fyrir sér þar sem hún stóð við gluggann á skrifstofu sinni á þriðju hæð í ráðhúsinu og skoðaði reyniberjatrén fyrir framan COOP á Tingshusgatan.

„Það verður skrifað mikið um þetta,“ sagði hún og gaf frá sér enn eitt áhyggjuandvarpið.

„Það er ekki víst. Enn sem komið er hafa bara *VF* og *Nya Wermlands* skrifað um þetta.“ Hann sagði þetta bara til að róa hana, ekki af því að þetta væri satt.

Auðvitað yrði skrifað um málið.

Fyrir en varði fengju blaðamennirnir þrír sem stóðu fyrir utan lögreglustöðina félagsskap frá Karlstad og samkeppni við stóru blöðin í Stokkhólmi. Svo kæmu sjónvarpsstöðvarnar örugglega. Kannski meira að segja frá Noregi.

„Manstu eftir Åmsele?“ spurði Pia þurrlega og lét hann þar með skilja að hún hefði séð í gegnum tilraun hans til að gera lítið úr ástandinu. Nú andvarpaði Erik líka. Auðvitað mundi hann eftir Åmsele. Morð á þremur fjölskyldumeðlimum í og við kirkjugarð. Þau voru drepin vegna hjólaþjófnaðar. Erik var nýbyrjaður í lögregluskólanum og allir fylgdust með eltingarleiknum við Juha Aljakkala og kærustu hans Maritu, bæði í dagblöðunum, útvarpi og sjónvarpi. „Það eru liðin

meira en tuttugu og fimm ár," hélt Pia áfram, „og enn er það þetta mál sem maður setur í tengsl við Ámsele. Við viljum fá fólk til að flytja hingað, ekki hræða það burtu."

Erik gekk inn á litlu kaffistofuna, fann bolla og ýtti á „cappuccino“-hnappinn á kaffivélinni. Í einni andrá varð hann bugaður af þreytu og pirringi. Hún hafði ekki verið þarna. Inni í húsinu. Hún hafði ekki séð inn í fataskápinn þar sem litli drengurinn sem átti að byrja í skóla eftir sumarfríð lá. Eða bróður hans í náttfötunum sem hafði verið skotinn við morgunverðarborðið.

Hún hafði ekki séð þá.

Séð blóðið.

Tilgangsleysið.

„Nei, þetta er sko ekki sérlega heppilegt," sagði hann og varð að leggja sig fram um að láta ekki bera á pirringnum. „En það eru fjórar manneskjur dánar. Tvö börn. Hvaða áhrif það hefur á sveitarfélagið ætti kannski bara að vera aukaatriði, er það ekki?"

Það varð þögn á hinum enda línunnar. Kaffivélin var hætt að hvæsa og hann sötraði aðeins á hálfvolgu kaffinu. Kaffið í Karlstad var mun betra.

„Þú hefur rétt fyrir þér," heyrðist frá hinum endanum. „Fyrirgefðu. Ég hljómaði víst hræðilega upptekin af sjálfri mér."

„Þú hljómaðir full af eldmóði," svaraði hann og eins og alltaf þegar hún dró í land og sagði fyrirgefðu hvarf allur pirringur og samviskubitið tók yfir. „Eins og alltaf," bætti hann við.

„Sækið þið liðsauka?" spurði hún og hljómaði jafn orku-mikil og venjulega.

„Hvað meinarðu?"

„Aðstoð utan frá."

„Nei, það held ég ekki. Að minnsta kosti ekki strax.“

Við enda gangsins stakk Fredrika höfðinu inn um dyrnar og kom auga á hann. Augnaráð hennar gaf með ótvíræðum hætti til kynna að henni myndist að hann ætti að ljúka samtalinu í snatri og koma inn til hennar. Erik hlýddi.

„Jæja, ég þarf víst að hætta. Við tölum saman í kvöld. Knús-knús.“

Hann setti símann í vasann, lagði nærri því ósnert kaffið frá sér og flýtti sér inn til Fredriku til að fá nýjustu fréttir.

Sebastian lagði frá sér bókina með langa, akademíska titlinum *The Psychopathology of Crime: Criminal Behavior as a Clinical Disorder*, þegar hann heyrði einhvern rjåtla við glerdyrnar. Vanja. Hún var fól í framan og virtist í uppnámi, fann lykilkortið sitt og opnaði dyrnar sem verkuðu þyngri en venjulega. Það hlaut eitthvað að hafa gerst og Sebastian stóð á fætur og gekk í gegnum mannlausa skrifstofuna. Hann reyndi að setja upp einlægt bros en hún tók fyrst eftir honum þegar hann var kominn hálfra leið yfir herbergið.

„Er eitthvað að?“ spurði hann áhyggjufullur og flýtti sér til hennar.

Í fyrstu leit ekki út fyrir að hún ætlaði að svara. Hún stóð bara þögn og virti hann fyrir sér með sínum fallegu bláu augum sem eins og venjulega nánast glóðu. Það var eins og hún hefði safnað öllum sínum styrk í augnaráðið því þegar hún loks svaraði var röddin veik og hás.

„Mamma ... sagði mér hver pabbi minn var,“ tókst henni að hiksta upp úr sér.

Sebastian varð ískaldur innra með sér. Hann var ekki reiðubúinn fyrir þetta.

Þetta óhugsandi augnablik.

Hugsanirnar hringserust.

Anna hafði örugglega ekki sagt sannleikann, eða hvað? Áður fyrr hafði hún neitað að hjálpa honum. Hafði hún í alvöru gert þetta núna?





„Hver er hann?“ stamaði hann og var svolítið ánægður með að honum tókst þrátt fyrir allt að hljóma rólegur og eðlilega forvitinn.

„Veistu hvað hún sýndi mér?“ bætti Vanja við eins og hún hefði ekki heyrt spurningu hans. Röddin hafði þó fengið meiri styrk.

„Ég hef ekki hugmynd,“ svaraði hann og fann hvernig skelfingin innra með honum minnkaði. Hann virtist hafa sloppið fyrir horn í þetta sinn. Vanja mundi ekki tala á svo rólegum nótum ef Anna hefði upplýst hið sanna. Hann þekkti hana nógu vel til að vita það. Ólíkt honum var hún enginn lygari.

„Gröf. Hún sýndi mér gröf.“

„Gröf?“

„Hmm. Hann er dáinn. Dó árið 1981, sagði hún. Hann hét Hans Åke Andersson.“

„Hans Åke Andersson?“

Sebastian reyndi að átta sig á hinni nýju stöðu. Hann dáðist í rauninni töluvert að Önnu. Hún hafði töfrað fram föður fyrir Vönju og lýst yfir láti hans á sama tíma. Mjög snjallt. Vanja var þó augljóslega ekki jafn hrifin.

„Hann var augljóslega bara einhver náungi sem hún kannaðist við og vildi ekki taka ábyrgð þegar hún gekk með mig,“ sagði hún og hristi höfuðið. „Þegar Valdemar kom inn í myndina urðu þau sammála um að minnast ekki einu orði á hann.“

„Aldrei?“

„Já, hún vildi ekki særa mig, sagði hún. Ekki síst vegna þess að þessi Hans Åke Andersson dó bara átta mánuðum eftir að ég fæddist og lét ekki eftir sig neina fjölskyldu.“

Allt í einu birtist reiðisvipur á andliti Vönju. Hún hafði



náð fyrri styrk og það voru ekki bara augun sem geisluðu af orku. Nú þekkti hann hana aftur.

„Hún hlýtur að halda að ég sé heimsk. Eftir margra mánuði veiðir hún allt í einu upp eitthvert nafn og það vill svo heppilega til að maðurinn er dauður. Hvernig í ósköpunum datt henni í hug að ég myndi trúá þessari sögu?“

Sebastian gerði sér grein fyrir að spurningin var bara til málamynda og hafði því vit á að þegja, enda beið Vanja ekki eftir svari. Orðin streymdu út úr henni, öll þessi innibygðða heift sem bara beið þess að fá útrás.

„Hvers vegna sýndi hún mér ekki þessa skítagröf fyrir löngu? Hvers vegna beið hún í margra mánuði með það?“

„Það veit ég ekki,“ var heiðarlegt svar Sebastians.

„En það veit ég. Þetta er nefnilega ekkert nema helvítis lygi. Hún reynir bara ... að loka dyrunun. Að fá mig til að sættast við þau.“

Sebastian þagði og var óviss um hvaða leið hann skyldi velja. Átti hann að verja Önnu? Hjálpa henni til að fá Vönju til að trúá lygasögunni og hætta að velta þessu fyrir sér eða ætti hann að styðja Vönju í efasemdum sínum? Setja enn eina stoðina undir samband þeirra? Þetta var svolítill klípa, en hann varð að taka af skarið. Vanja hristi enn einu sinni höfuðið og dró djúpt andann til að róa sig.

„Ef ég svo mikið sem íhuga að fyrirgefa þeim verða þau að vera algjörlega heiðarleg gagnvart mér. Hætta öllum þessum lygum. Skilurðu hvað ég á við?“

Sebastian ákvað að styðja Vönju. Það virtist besta leiðin. Það gæfi honum ráðrúm. Og návist, fyrst og fremst.

„Já, ég skil hvað þú meinar. Þetta hlýtur að vera mjög erfitt,“ sagði hann fullur samúðar.

„Ég nenni ekki lengur að vera óvinur þinn,“ sagði Vanja

lágt og leit á hann tárbotum augum. „Ég hef ekki krafta til að berjast við allan heiminn. Ég get það ekki.“

„Þú þarft ekki að berjast við mig,“ svaraði hann eins varfærnislega og hann gat. Vanja kinkaði kolli svo það sást varla og leit á hann með biðjandi augnaráði.

„Gott, svo nú skaltu svara heiðarlega: Tengdist þú því á einhvern hátt að Riddarstolpe mælti ekki með mér við FBI? Sást þú til þess að ég fengi ekki inngöngu?“

Sebastian varð að taka sig á til að sýna ekki hvað hann varð hissa. Hvernig stóð á því að þau voru komin aftur að þessu umræðuefni?

„Það hef ég sagt þér áður,“ sagði hann til að vinna sér inn smátíma svo hann gæti náð áttum.

„Segðu það þá aftur,“ sagði Vanja án þess að taka af honum augun. „Vertu hreinskilinn. Það er auðveldara að þola það en að vita að fólk sem mér þykir vænt um heldur áfram að ljúga að mér.“

Sebastian virti hana viðkvæmnislega fyrir sér og lagði sig fram um að virðast jafn heiðarlegur og hún var í sorg sinni. Það var svo mikið í húfi að honum reyndist það létt.

„Nei,“ laug hann og fann sér til ánægju að röddin brast örlítið í alvöru augnabliksins. „Trúðu mér. Ég kom ekki nálægt þessu.“

Hann sá að henni létti og hann fann til stolts. Þegar aðstæðurnar kröfðust þess gat hann verið ótrúlega góður lygari. Honum gæti örugglega tekist að sannfæra hana um að jörðin væri flöt.

„Að þú getir yfirhöfuð látið þér detta í hug ...“ byrjaði hann með ýktri hneykslun í röddinni en hún stoppaði hann með því að lyfta hendinni.

„Þú þarft ekki að segja fleira. Ég hef ákveðið að trúá þér.“

Orð hennar rifu Sebastian út úr sínu þægilega góð-  
mennskuhlutverki. Hvað hafði hún sagt? Hún ákvað að trúa  
honum.

„Og hvað merkir það?“ spurði hann af einlægri forvitni.

„Nákvæmlega það sem ég sagði. Ég vel að trúa þér af því  
að ég hef þörf fyrir það.“

Sebastian leit á dóttur sína sem enn á ný var á barmi þess  
að bresta í grát. Hún hafði greinilega þörf fyrir einhvern til  
að halla sér að og hún valdi hann. Að velja að trúa honum  
þýddi ekki endilega að hún treysti honum, en lengra gat  
hún ekki teygt sig, reiknaði hann með og nú var það undir  
honum komið að sanna að hún hefði tekið rétta ákvörðun.

„Ekki vil ég valda þér vonbrigðum,“ sagði hann.

„Jæja, fínt.“ Það birti yfir henni þegar hún brosti, steig  
skrefi nær og faðmaði hann að sér.

Faðmlagið var hlýrra og varaði lengur en hann hafði  
nokkurn tíma þorað að vona.

**Við sendum ÞÖGLU STÚLKUNA – eins og allar okkar bækur  
– frítt heim innanlands meðan á samkomubanninu  
stendur. Það eina sem þú þarft að gera er að slá inn  
afsláttarkóðann FRÍ þegar þú lýkur kaupunum á:  
<https://bjartur-verold.is>**